

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

20. júlí 2017
UST201706-130/P.B.S.
10.04.02

Efni: Breyting á Aðalskipulagi – Verslun og þjónusta - Péturshólar

Gert er ráð fyrir því að breyta Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 á þann hátt að afmarka verslunar- og þjónustusvæði, þar sem gert er ráð fyrir gisti- og ferðaþjónustu á jörðinni Péturshólum.

Skipulagssvæðið

Svæðið er staðsett á landbúnaðarsvæði á gildandi aðalskipulagi. Stærð verslunar- og þjónustusvæðis á Péturshólum er 4 ha. Í greinargerð kemur fram að ekki sé gengið á verndaráætlanir sem eru í gildi í sveitarfélaginu. Í greinargerð kemur einnig fram að í samræmi við áherslur í umhverfisskýrslu Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012-2028 verði gerð grein fyrir áhrifum breytingar á landnotkun, ásjúnd og vatnsvernd. Eins kemur fram að haft verði í huga Náttúruminjasrá, Náttúruverndaráætlanir, Ramsarsamningurinn og stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni.

Umsögn

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda skipulagslýsingu sem er greinargóð og gerir ekki athugasemdir.


Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur